



## SVAR VIÐ FYRIRSPURN

**Viðtakandi:** Velferðarráð

**Sendandi:** Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

---

**Efni:** Svar við fyrirspurn fulltrúa Samfylkingarinnar, Framsóknar og Pírata um sundurliðaðan raunkostnað vegna þjónustu við heimilislaust fólk

*Þann 30. nóvember 2022 lögðu fulltrúi Samfylkingar, Framsóknar og Pírata fram í velferðarráði svohljóðandi fyrirspurn um sundurliðaðan raunkostnað vegna þjónustu við heimilislaust fólk, óháð því hvort það hafi lögheimili í Reykjavík:*

*Óskað er eftir:*

1. að tekinn sé með í kostnaðinn við þjónustu við heimilislaust fólk í Reykjavík kostnaður vegna allrar þeirra þjónustu sem heimilislaust fólk nýtur og er greidd af Reykjavík svo sem vegna reksturs neyðarskýla, VoR-teymis, Ylju (neyslurýmis), dagúrræða sem þau geta leitað í og matarþjónustu. Þessi upptalning er ekki tæmandi talin og er því óskað eftir því að öll þjónusta sem heimilislaust fólk á rétt á sé tekin með í sundurliðunina.

a. Óskað er eftir því að svarið sé sundurliðað eftir þjónustu þar sem greint er:

- heildarkostnaður við þjónustuliðinn;
- og sundurliðun allra þátta innan þjónustuliðarins svo sem eftir starfsmanna- og húsnæðiskostnaði.

b. Einnig er óskað eftir því að kostnaðurinn sé tilgreindur:

- á ársgrundvelli fyrir þjónustuna í heild;
- og miðað við þjónustu í einn þjónustudag fyrir hvern þjónustuþega:
  - með allri þjónustu sem er veitt;
  - og einungis miðað við gistingu í neyðarskýli.

### **Svar:**

Velferðarsvið rekur og styrkir ýmsa þjónustu við einstaklinga með miklar og flóknar þjónustuparfir. Í töflu 1 hér fyrir neðan má sjá heildarkostnað fyrir árin 2018 til nóvember 2022. Miðstöðvar sviðsins sinna einnig ráðgjöf við heimilislausa og er gróft mat að um þrjú stöðugildi félagsráðgjafa á miðstöðvum hafi sinnt hópnum frá 2018 til 2019 en að stöðugildin séu fimm frá árinu 2020. Á árinu 2022 var gerður samningur á milli velferðarsviðs og Sjúkratrygginga Íslands um rekstur á Ylju neyslurými sem Rauði krossinn rekur með samningi við velferðarsvið. Samningurinn rennur út í mars n.k. Sjúkratryggingar greiða allan rekstur á úrræðinu.



Markmið úrræðanna er að mæta þörfum þeirra sem þurfa með skaðaminnkandi inngrípum. Um er að ræða jaðarsetta hópa sem þurfa margvíslegan stuðning varðandi eigið heilbrigði ásamt félagslegum og efnahagslegum stuðningi.

Tafla 1 sýnir kostnað vegna þjónustu við einstaklinga með miklar og flóknar þjónustuparfir frá árinu 2018 - nóvember 2022.

Tafla 1: Kostnaður v/þjónustu við einstaklinga með miklar og flóknar þjónustuparfir 2018 – nóv. 2022

Starfsstaður	Rauntölur 2018	Rauntölur 2019	Rauntölur 2020	Rauntölur 2021	Raun jan-nóv. 2022
Njálsgata	101.243	101.288	104.325	109.342	139.360
Hringbraut	32.596	42.538	56.111	111.808	207.853
Gistiskýlið Lindargötu	171.743	177.200	180.662	211.353	239.091
Neyðarskýlið Grandagarði		13.558	141.354	151.189	191.573
Konukot	61.866	66.156	78.485	97.688	104.637
Ylja					0
Vettvangs og ráðgjafateymi	91.842	115.746	169.187	181.379	164.500
Stöðugildi félagsráðgjafa	31.154	34.703	59.300	61.531	59.637
Frú Ragnheiður (styrkur)	2.500	4.000	3.000	3.500	500
Skjólíð (styrkur)					2.000
Hjálpræðisherinn (styrkur)		1.000	4.500	6.000	15.000
Kaffistofa Samhjálp (styrkur)	14.000	14.000	14.000	10.000	10.000
	<b>506.944</b>	<b>570.188</b>	<b>810.924</b>	<b>943.789</b>	<b>1.134.151</b>

Heildarkostnaður þjónustu fyrir einstaklinga með miklar og flóknar þjónustuparfir á árunum 2018 til nóvember 2022 hefur hækkað úr 507 m.kr. á ári í 1,1 ma.kr. Þá eru ekki með talin úrræði sem falla undir málaflokk fatlaðs fólks, t.d. heimili fyrir konur með geð- og vímuefnavanda (tvígreiningu) og úrræði sem eru fyrir einstaklinga sem eru í bata og hafa farið í áfengis- og vímuefnaeðferð, s.s. áfangaheimili fyrir konur og karla. Áður hafa þau heimili verið meðtalin undir málaflokki heimilisláusra með miklar og flóknar þjónustuparfir en falla ekki með réttu undir þá skilgreiningu. Heildarkostnaður vegna þessara heimila frá árinu 2018 til nóv. 2022 jókst úr 167 m.kr. í 514 m.kr. á tímabilinu.

Tölur 2 til 6 hér fyrir neðan sýna raunkostnað fyrir hvert ár með nánari sundurliðun.

Kostnaður ársins **2018** var 507 m.kr. og tafla 2 sýnir sundurliðun kostnaðar eftir tekjum, launakostnaði, öðrum rekstrarkostnaði og húsaleigu.

Tafla 2: Kostnaður v/þjónustu við einstaklinga með miklar og flóknar þjónustuparfir árið 2018

Starfsstaður	Tekjur	Laun	Annar rek.	Húsaleiga	Samtals
Njálsgata	-3.081	80.848	13.032	10.444	101.243
Hringbraut		30.451	1.257	888	32.596
Gistiskýlið Lindargötu		140.436	15.909	15.398	171.743
Konukot			61.200	666	61.866
Stöðugildi félagsráðgjafa		31.154			31.154
Vettvangs og ráðgjafateymi		80.897	10.797	148	91.842
Frú Ragnheiður (styrkur)			2.500		2.500
Kaffistofa Samhjálp (styrkur)			14.000		14.000
	<b>-3.081</b>	<b>363.786</b>	<b>118.695</b>	<b>27.544</b>	<b>506.944</b>



Kostnaður ársins **2019** var 570 m.kr. og tafla 3 sýnir sundurliðun kostnaðar eftir tekjum, launakostnaði, öðrum rekstrarkostnaði og húsaleigu. Á árinu 2019 var byrjað að rukka önnur sveitarfélög fyrir gistingu í neyðarskýlum borgarinnar. Alls voru kröfur að fjárhæð 19,6 m.kr. sendar til annarra sveitarfélaga á árinu 2019 fyrir 271 einstaklinga og 1.103 gistinætur.

Tafla 3: Kostnaður v/þjónustu við einstaklinga með miklar og flóknar þjónustuparfir árið 2019

Starfsstaður	Tekjur	Laun	Annar rek.	Húsaleiga	Samtals
Njálsgata	-2.891	81.359	13.213	9.607	101.288
Hringbraut		39.410	2.108	1.020	42.538
Gistiskýlið Lindargötu	-16.883	155.744	22.186	16.152	177.200
Neyðarskýlið Grandagarði		7.963	5.421	173	13.558
Konukot	-2.762		68.230	687	66.156
Vettvangs og ráðgjafateymi		96.466	19.279		115.745
Stöðugildi félagsráðgjafa		34.703			34.703
Frú Ragnheiður (styrkur)			4.000		4.000
Hjálpræðisherinn (styrkur)			1.000		1.000
Kaffistofa Samhjálp (styrkur)			14.000		14.000
	<b>-22.535</b>	<b>415.645</b>	<b>149.437</b>	<b>27.640</b>	<b>570.188</b>

Kostnaður ársins **2020** var 811 m.kr. og tafla 4 sýnir sundurliðun kostnaðar eftir tekjum, launakostnaði, öðrum rekstrarkostnaði og húsaleigu. Alls voru kröfur að fjárhæð 18 m.kr. sendar til annarra sveitarfélaga á árinu 2020 fyrir 313 einstaklinga og 985 gistinætur.

Tafla 4: Kostnaður v/þjónustu við einstaklinga með miklar og flóknar þjónustuparfir árið 2020

Starfsstaður	Tekjur	Laun	Annar rek.	Húsaleiga	Samtals
Njálsgata	-2.986	93.540	11.935	1.836	104.325
Hringbraut		48.806	5.593	1.712	56.111
Gistiskýlið Lindargötu	-4.662	147.124	21.620	16.579	180.662
Neyðarskýlið Grandagarði	-8.791	114.587	15.733	19.824	141.354
Konukot	-4.551		82.330	706	78.485
Vettvangs og ráðgjafateymi		158.592	10.577	18	169.187
Stöðugildi félagsráðgjafa		59.300			59.300
Frú Ragnheiður (styrkur)			3.000		3.000
Hjálpræðisherinn (styrkur)			4.500		4.500
Kaffistofa Samhjálp (styrkur)			14.000		14.000
	<b>-20.989</b>	<b>621.949</b>	<b>169.289</b>	<b>40.674</b>	<b>810.924</b>

Kostnaður ársins **2021** var 943,8 m.kr. og tafla 5 sýnir sundurliðun kostnaðar eftir tekjum, launakostnaði, öðrum rekstrarkostnaði og húsaleigu. Alls voru kröfur að fjárhæð 33 m.kr. sendar til annarra sveitarfélaga á árinu 2021 fyrir 336 einstaklinga og 1.755 gistinætur.



Tafla 5: Kostnaður v/þjónustu við einstaklinga með miklar og flóknar þjónustubarfir árið 2021

Starfsstaður	Tekjur	Laun	Annar rek.	Húsaleiga	Samtals
Njálsgata	-2.509	96.046	13.801	2.004	109.342
Hringbraut		96.207	11.748	3.852	111.808
Gistiskýlið Lindargötu	-13.381	178.489	26.046	20.198	211.353
Neyðarskýlið Grandagarði	-16.138	128.812	16.567	21.948	151.189
Konukot	-5.231		102.184	735	97.688
Vettvangs og ráðgjafateymi		163.862	16.838	679	181.379
Stöðugildi félagsráðgjafa		61.531			61.531
Frú Ragnheiður (styrkur)			3.500		3.500
Hjálpræðisherinn (styrkur)			6.000		6.000
Kaffistofa Samhjalpar (styrkur)			10.000		10.000
	<b>-37.259</b>	<b>724.948</b>	<b>206.685</b>	<b>49.416</b>	<b>943.789</b>

Kostnaður janúar til nóvember 2022 var 1,1 ma.kr. og tafla 6 sýnir sundurliðun kostnaðar eftir tekjum, launakostnaði, öðrum rekstrarkostnaði og húsaleigu. Á árinu 2022 gerði velferðarsvið samning við sjúkratryggingar Íslands um rekstur neyslurýmis fyrir skaðaminnkandi þjónustu fyrir einstaklinga með vímuefnavanda (Ylja) og hljóðar samningurinn upp á 50 m.kr. á ári. Alls hafa verið sendar kröfur að fjárhæð 39 m.kr. til annarra sveitarfélaga vegna ársins 2022 vegna 376 einstaklinga og 1.921 gistinætur.

Tafla 6: Kostnaður v/þjónustu við einstaklinga með miklar og flóknar þjónustubarfir jan-nóv. 2022

Starfsstaður	Tekjur	Laun	Annar rek.	Húsaleiga	Samtals
Njálsgata	-2.385	126.778	12.228	2.740	139.360
Hringbraut		191.349	10.939	5.566	207.853
Gistiskýlið Lindargötu	-21.277	214.250	22.447	23.671	239.091
Neyðarskýlið Grandagarði	-10.023	160.546	22.303	18.747	191.573
Konukot	-13.827		117.742	722	104.637
Ylja	-50.000		50.000		0
Vettvangs og ráðgjafateymi		151.382	13.118		164.500
Stöðugildi félagsráðgjafa		59.637			59.637
Frú Ragnheiður (styrkur)			500		500
Skjólið (styrkur)			2.000		2.000
Hjálpræðisherinn (styrkur)			15.000		15.000
Kaffistofa Samhjalpar (styrkur)			10.000		10.000
	<b>-97.512</b>	<b>903.941</b>	<b>276.276</b>	<b>51.446</b>	<b>1.134.151</b>

Tafla 7 sýnir fjölda þeirra sem þiggja þjónustu og meðalkostnað fyrir einstakling. Alls voru 592 einstaklingar sem nýttu sér þjónustu frá Ragnheiðar á árinu 2021. Á hverjum degi nýta sér 80 – 140 manns kaffistofu Samhjalpar og til að reikna út meðalkostnað er meðalfjöldi notaður.



Tafla 7: Meðalkostnaður v/þjónustu við einstaklinga með miklar og flóknar þjónustubarfir jan.-nóv. 2022

Starfsstaður	Fjöldi	Raunkostnaður jan.-nóv. 22	Meðalkostnaður fyrir einst./rými jan.-nóv. 22
Njálsgata	8	139.360	17.420
Hringbraut	5	207.853	41.571
Gistiskýlið Lindargötu	25	239.091	9.564
Neyðarskýlið Grandagarði	15	191.573	12.772
Konukot	12	104.637	8.720
Vettvangs og ráðgjafateymi	106	164.500	1.552
Frú Ragnheiður (styrkur)	592	500	1
Skjólíð (styrkur)	54	2.000	37
Hjálpræðisherinn (styrkur)	676	15.000	22
Kaffistofa Samhjalpar (styrkur)	110	10.000	91
		<b>1.074.514</b>	

Þegar raunkostnaður neyðarskýla Reykjavíkurborgar er tekinn saman fyrir árið 2022 þá er kostnaður fyrir hverja gistinótt kr. 34.000. Þá er allur launakostnaður, annar rekstrarkostnaður og húsaleiga meðtalin. Miðað er við 100% nýtingu og opnun 365 daga á ári. Þegar stoðþjónustu er bætt við rauntölur er raunkostnaður fyrir hverja gistinótt 46.000 kr.